

Náttúran í nærumhverfinu

Sköpun til heiðurs náttúrunni

16. september
Dagur
Íslenskrar
náttúru




SKÓLAVERKEFNI

VERKEFNI Í TILFNI AF DEGI ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Verkefnalýsingar og leiðbeiningar fyrir kennara.

Í þessum verkefnum ætlum við að hugsa um náttúruna, mikilvægi hennar og okkar áhrif á hana. Hvers við óskum okkur í framtíðinni varðandi náttúruna og hvað erum við þakklátt fyrir. Í verkefnunum notum við ólík listform í sköpun til heiðurs náttúrunni.

Hér á eftir fara þrjár verkefnalýsingar, ein fyrir hvert stig grunnskólans. Allar eiga það sameiginlegt að náttúran í næsta nágrenni skólans er notuð sem innblástur fyrir listsköpun.

-  Yngsta stig skapar skúlptúr úr náttúrulegum hlutum í nærumhverfi skólans.
-  Miðstig semur sögu og fær innblástur úr nærumhverfi skólans.
-  Unglingastig tekur ljósmyndir í nærumhverfi skólans.

Oft dugar að fara út á skólalóð en einnig má fara á svæði í nágrenni skólans í þægilegri göngufjarlægð. Mælt er með því að góð svæði fyrir útivinnu séu kortlögð fyrir fram og þeim síðan skipt á milli þeirra bekkja/hópa sem vinna verkefnið á sama tíma. Best er ef hver bekkur/hópur geti verið út af fyrir sig eins og hægt er.





Miðað er við að verkefnið taki 2-3 kennslustundir og það er í höndum hvers og eins skóla að ákveða hópaskiptingu. Verkefnið krefjast almennt ekki mikils undirbúnings af hálfu kennara en mælt er með að kennarar kynni sér þau vel.

Kennarar eru hvattir til þess að nota verkefnið á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september. Hafi skólinn/bekkurinn þegar gert aðrar ráðstafanir til að halda upp á daginn er sjálfsagt að nýta verkefnið síðar og/eða endurtaka það, til dæmis næsta vor þegar umhverfi skólans tekur mið af annarri árstíð.

Eftirfarandi spurningar er gott að hafa í huga í vinnu við verkefnið:

- Hver er munurinn á manngerðri náttúru og villtri náttúru?
- Hefur náttúran bara jákvætt gildi ef við manneskjur höfum aðgang að henni?
- Hvert er mikilvægi náttúrunnar? Hvað erum við þakklátt fyrir? (t.d. loft, fæða, heimkynni okkar, fegurð)
- Hvað gerir maðurinn sem hefur neikvæð áhrif á náttúruna?

Markmið þessa verkefnis er margþætt en með því má til dæmis:

-  Auka meðvitund, áhuga og þekkingu nemenda á nærumhverfi sínu.
-  Hvetja til umræðna um samspil manns og náttúru.
-  Kveikja áhuga nemenda á frekari náttúruskoðun og þekkingarleit.
-  Nota efnivið eða myndefni úr náttúruskoðuninni til frekari rannsóknar, sköpunar eða miðlunar.

YNGSTA STIG GRUNNSKÓLA

Náttúran í umhverfi skólans

TÍMI: 2-3 KENNSLUSTUNDIR

Upplýsingar fyrir kennara:

Á yngsta stigi er markmið verkefnisins að kynnast náttúrunni á skólalóðinni eða í næsta nágrenni skólans á einfaldan hátt og vekja athygli á því að þar er margt hægt að sjá og skoða. Ekki er þörf á neinum búnaði en það gæti verið gaman fyrir kennarann að skrá hjá sér það sem nemendur upplifa. Verkefnið skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er best að hafa allan hópinn í einu en í seinni hlutanum er gott að skipta honum í smærri hópa.

Fyrri hluti – Val á stað

Umræðuspurningar, kennari ræðir við nemendur:

1. Getið þið nefnt náttúrustaði sem eru í nærumhverfi skólans? Staðirnir mega vera í villtri náttúru eða manngerðri. Hópurinn safnar öllum stöðunum sem nefndir eru á töflu eða stórt blað með aðstoð kennara.
2. Getið þið nefnt einkenni þessara staða? Hvernig líta þeir út? Eru þeir fallegir? Hverjir nota og umgangast þessa staði? T.d fólk, dýr, skordýr. Er eitthvað sem ógnar þeim eða gæti eyðilagt þá?
3. Hvað af þessum stöðum væri áhugavert og gerlegt að heimsækja í næsta tíma og búa til minnisvarða í um mikilvægi náttúrunnar?

Seinni hluti – Skapa minnisvarða um mikilvægi náttúrunnar

Nemendur fara á staðinn sem bekkurinn valdi til að vinna saman að útlitaverki. Hægt er að skipta nemendum í smærri hópa ef það hentar betur. Verkið á að vera skúlptúr sem er minnisvarði um mikilvægi náttúrunnar og hvað við erum þakklát fyrir hana.

Nemendur mega vinna með hvaða náttúrulegu efni sem þeim dettur í hug, bæði efni sem þeir finna á staðnum og sem þeir taka með sér. Við gerð minnisvarðans látum við ímyndunaraflíð ráða ferðinni.

Dæmi um efni og aðferðir sem hægt er að nota: Steinar, greinar, allskonar lauf, gras, blóm, sandur, notaður textill úr gömlum fötum, þræður, náttúrulegur leir, afgangsspýtur og matvæli.

Hægt er að raða, hlaða upp, grafa holur, búa til mynstur í sand og mold eða með steinum, laufum, grasi, blómum og greinum. Hægt er að þræða hluti saman, vefja utanum eða líma saman með leir. Hægt er að nota umhverfsvæna málningu til að mála steina, spýtur eða textíl. Hægt er að skrifa orð, texta eða slagorð og útbúa skilti sem tengjast minnisvarðanum.

[Ítarefni frá Berglindi Jónu Hlynsdóttur, höfundi verkefnisins, má finna á þessum hlekk.](#)

Stimpla sig inn leikurinn (7-10 mín)

Nemendur standa í hring og hvert og eitt stimplar sig inn sem uppáhaldsplanta, -dýr eða -staður í náttúrunni.

Dæmi: Ég stimpla mig inn sem náttúruleg Bakkabræðra í Svarfaðardal.



MÍÐSTIG GRUNNSKÓLA

Saga úr náttúrunni




TÍMI: 2-3 KENNSLUSTUNDIR

Upplýsingar fyrir kennara:





Nemendur horfa á, hlusta á eða lesa upphaf sögu eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Hægt er að hlusta á upplestur höfundar í [hljóðskrá](#) og/eða [myndbandi](#). Upphafið má einnig lesa hér síðar í lýsingunni. Í kjölfarið fara nemendur út og velja sér fimm fyrirbæri sem þeir finna í nærumhverfi skólans og tengjast íslenski náttúru eða umhverfi með einhverjum hætti. Þetta geta verið blóm, dýr, steinar, landslag, jafnvel veður eða annað sem tengist náttúrunni.

Kennari ákveður hvort farið sé saman í göngutúr um nágrennið eða hvort nemendur hafi frelsi til að fara um svæðið að vild innan ákveðins tímaramma. Að þessu loknu fara nemendur inn og búa til framhald af sögunni og láta fyrirbærin sem þau völdu sér koma fram. Ágætt er að fara yfir reglur varðandi uppbyggingu sögu með nemendum áður en sagan er skrifuð t.d. varðandi upphaf, miðju og endi. Gefið nemendum góðan tíma og rými til að skrifa. Magnið skiptir ekki öllu máli, sumir vilja skrifa margar blaðsíður en aðrir aðeins nokkrar línur. Andinn kemur yfir þau ef ramminn er ekki of þröngur.

Upplýsingar fyrir nemendur:

-  Hlustið á upphaf sögunnar.
-  Farið út og veljið fimm hluti sem þið sjáið í náttúrunni (fylgið leiðbeiningum kennarans).
-  Ljúkið við söguna og látið hlutina sem þið völduð koma fram í sögunni.

Hafið eftirfarandi í huga:

-  Í hverju lenda sögupersónurnar?
-  Hvernig endar sagan? Vel eða illa?
-  Reynið ef þið getið að tengja söguna við íslenska náttúru eða umhverfismál.
-  Munið að finna titil á söguna ykkar.



Inngangur að sögu úr náttúrunni Höfundur: Bergrún Íris Sævarsdóttir

Rigningin lamdi svart malbikið. Birkir gekk hratt og reyndi að forðast djúpa pollana. Hann var orðinn allt of seinn heim í kvöldmat. Regnið streymdi í litlum lækjum að holræsunum. Birkir fylgdi þröngum göngustíg milli tveggja garða. Glansandi rífsber skreyttu runnana sem uxu óhindraðir út á stíginn. Hann greip lófafylli af berjum og raðaði upp í sig. Fyrst þá fann Birkir hvað hann var orðinn svangur. Hann hljóp síðustu skrefin að útidyrinum en hurðin reyndist læst. Skrítið, hugsaði hann með sér og reyndi aftur. Húsið var nær alltaf ólæst enda Mýrabær öruggasti staður landsins. Með annarri höndinni fálmaði Birkir eftir lykklunum sínum. Með hinni barði hann án afláts á hurðina en sama hvað hann bankaði fast kom enginn til dyra. Hvorki Lóa mamma né Kría, stóra systir hans. Ekki Víðir stjúpji. Það var enginn heima ... „Halló?“ kallaði Birkir þegar hann komst loks inn úr rigningunni. Sterk lykt af blóðbergi fyllti loftið og minnti hann á te og fjallaferðir með fjölskyldunni. Í upplýstu anddyrinu voru skór

allra heimilismanna. Ljós loguðu á víð og dreif um íbúðina og sólgul kápa Kríu hékk á sínum stað. Birkir lagði lykklana frá sér á hillu í anddyrinu, sparkaði af sér strigaskónum og klæddi sig úr rökum sokkunum. Þá tók hann eftir því að moldarslóð lá frá útidyrinum og inn eftir ganginum, ekki spor heldur litlar klessur af rennblautum jarðvegi. Allt í einu heyrði Birkir þrask. Hann sperrti eyrun og reyndi að greina hljóðin. Ímyndunaraflíð hlaut að vera að stríða Birki því honum fannst hann heyra lækjarnið og þrastarsöng. Hljóðin virtust berast innan úr þvottahúsinu. „Halló? Mamma?“ Birkir gekk hikandi skrefum eftir ganginum. Undir fótum hans var ekki bara blaut moldin. Það sást varla í gólfíð fyrir fjalldrapa, mosavöxnu hrauni og holtasóleyjum. Grár hreindýramosi teygði sig upp með veggjum. Birkir ýtti varlega við stífri hurðinni og birtan af ganginum lýsti upp rökkvað þvottahúsið. Hann greip andann á lofti þegar hann sá ...

UNGLINGASTIG GRUNNSKÓLA

Umhverfið í gegnum linsuna

TÍMI: 2-3 KENNSLUSTUNDIR

Upplýsingar fyrir kennara:

Nemendur fá nokkur hugtök sem þeir eiga að skapa í ljósmynd eða myndskreiði sem þeir taka í gönguferð um nærumhverfi skólans. Kennari ákveður hvort farið sé saman í göngutúr um nágrennið eða hvort nemendur hafi frelsi til að fara um svæðið að vild innan ákveðins tímaramma.

Hugtökin sem nemendur fá tengjast öll umhverfi og/eða náttúru með einhverjum hætti. Hugtökin, og stuttar skýringar á þeim, fylgja síðar í lýsingunni.




Í kjölfarið gera nemendur kynningu með myndunum eða myndskreiðunum sem þeir tóku. Kynninguna flytja þeir svo fyrir bekkinn. Við hverja mynd eða myndskreið þarf að koma fram skýring á því hvernig myndefnið tengist hugtakinu.

Hægt er að nýta forrit eins og Google Classroom, Instagram eða önnur til að safna myndunum á. Það veltur á kennurum hvað þeir vilja gera. Mælt er með að nota #DÍN á samfélagsmiðlum.

[Kennslumyndbönd frá Erlu Stefánsdóttur, ljósmyndara, má finna hér.](#)



Upplýsingar fyrir nemendur:

-  Vinnið 2-3 saman í hóp.
-  Farið út með síma eða spjaldtölvu, eitt tæki dugar fyrir hvern hóp.
-  Veljið fimm af eftirfarandi hugtökum og takið mynd eða myndskreið sem túlkar það:

LOFTSLAGSBREYTINGAR

Breytingar á loftslagi vegna aukningar gróðurhúsalofttegunda í andrúmslofti af manna völdum. [Sjá nánar hér](#)

LÍFBREYTILEIKI

(LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ)

Fjölbreytni lífvera, lífsamfélaga og erfðaeftnis hér á jörðu. [Sjá nánar hér](#)

AUÐLIND

Náttúruleg gæði sem mannfólk nýtir, oft í hagnaðarskyni. [Sjá nánar hér](#)

SJÁLFBÆRNI

Að allir jarðarbúar, óháð því hvar og hvenær þeir eru fæddir, lifa eins góðu lífi og hægt er án þess að ganga of nærri auðlindum jarðar, öðru fólki og lífverum.

[Sjá nánar hér](#)

NÁTTÚRA

Náttúrulegt umhverfi allt í kringum okkur sem ekki er manngert. Til náttúrunnar telst því landslag, plöntu- og dýralíf. [Sjá nánar hér](#)




UMHVERFISÁHRIF

Breytingar á náttúru og umhverfi sem afleiðing af mannglegum athöfnum.

[Sjá nánar hér](#)

VISTSPOR

Mælikvarði á hve mikið af gæðum jarðar fólk nýtir við neyslu sína og hve miklum úrgangi eða mengun það skilar frá sér. Því meiri neysla, þeim mun stærra er vistsporið. [Sjá nánar hér](#)

-  Útskýrið hvernig myndin/myndskeiðið tengist hugtakinu.
-  Útbúið glærusýningu, t.d. í PowerPoint, með einni glæru fyrir hverja mynd eða myndskreið.
-  Kynnið myndirnar/myndskeiðin fyrir bekknum og útskýrið hvernig þær tengjast hugtökunum.